



Fundargerð

189. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 10. júní 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Samningar um fjarskiptalagnir HEF
2. Málefni Skógarorku ehf.
3. Hitaveita Djúpavogi
4. Innkomin erindi og fundargerðir
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Vettvangsferð HEF 20. júní?
7. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:00

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Samningur um fjarskiptalagnir HEF

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og nýjar upplýsingar um fyrirkomulag á sambærilegum málum.

Framkvæmdastjóra falið að fá fagaðila og lögfræðing til fundar við stjórn sem allra fyrst til að fara yfir málið í heild.

Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögur að annarri útfærslu á gjaldskrá sem sett hefur verið fram í þeim drögum sem fram hafa verið lögð.

2. Málefni Skógarorku ehf.

Fram lögð fundargerð stjórnarfundar Skógarorku ehf. sem haldin var 1. júní 2015. Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðuna og þær leiðir sem verið er að skoða varðandi framtíðar eignarhald og rekstur.

3. Hitaveita Djúpavogi

Fram er lagt erindi frá oddvita Djúpavogshrepps er fjallar um möglega aðkomu að hitaveituvæðingu á Djúpavogi.

Framkvæmdastjóri fór yfir sína samráðsfundi sem hann hefur átt með heimamönnum og jarðfræðingi. Stjórn HEF ehf. leggur til að formaður og framkvæmdastjóri fari til fundar með forráðamönnum á Djúpavogi.

4. Innkomin erindi og fundargerðir

- a) Erindi dags 20. apríl 2015 frá íbúum er tengjast hitakerfi í fyrrverandi barnaskólahúsi á Eiðum. Skúli Björnsson vék af fundi undir þessum lið. Erindinu er hafnað með vísan til afgreiðslu Bæjarráðs Fljótsdalshéraðs.
- b) Erindi Haust. Framkvæmdastjóra er falið að sækja um starfsleyfi fyrir fráveitur í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.
- c) Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti beiðni um umsögn – unnin verður umsögn á vettvangi Samorku.
- d) Erindi dags. 20. maí 2015 frá Ragnari Jónssyni umsókn um styrk vegna uppbyggingar á hátækni hljóðveri. Stjórn hafnar erindinu að svokomnu máli.
- e) Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 Urriðavatn. Framkvæmdastjóra falið að gera athugasemd um að það þjóni ekki tilgangi að girða svæðið þar sem að vatnið er tekið úr stálfóðruðum rörum á 500 metra dýpi, og óska eftir rökstuðningi fyrir tillögunni.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Verið að vinna ýmis verk vegna malbikunarframkvæmda.



- Leki fannst við gatnamót við N1.
- Lögð ný fráveitulögn bútur við vegmót N1
- Byrjað er að endurnýja lagnir í Lagarfellinu og verður stærð verksins háð hve mikið á að malbika.
- Búið er að skrifa undir verksamninga við Yl ehf.
- Samorkuþing fagraða veitna í Borgarnesi sem þrír starfsmenn sóttu.

6. Vettvangsferð HEF 20. júní

Ljóst að þessi dagsetning hentar ekki. Stefnt á að ferðin verði farin laugardaginn 27. júní n.k. kl 8:55 til 14:40. Ákveðið að bjóða Bæjarstjórn, bæjarstjóra að taka þátt í ferðinni.

7. Önnur mál

- a) Farið yfir viðræður við landeigendur Egilsstaða 1 um samning. Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Málið verður unnið áfram.
- b) Næsti reglulegi fundur verður 24. júní 2015

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 15:02

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson